



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Könnun fyrir forsjáraðila Haustönn 2022

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Könnun fyrir forsjáraðila haustönn 2022	1
Niðurstöður könnunar.....	1
Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.....	1
Af hverju valdi nemandinn VA?	1
Heimasíða og fundir	1
Foreldraráð.....	2
Upplýsingaflæði.....	3
Samskipti við kennara	4
Heimanám og vörður	5
Líðan og gengi í náminu.....	6
Nýting þjónustu	7
Vinnustofukerfi.....	7
Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur.....	8
Annað	8

Könnun fyrir forsjáraðila haustönn 2022

Könnunin var lögð fyrir þann 11. nóvember 2022 og var fyrirlagningu lokið 30. nóvember 2022.

Könnunin samanstóð af 17 spurningum, 14 valkostaspurningum og 3 opnum.

Spurningalistinn var sendur á forsjáraðila nemenda undir 18 ára aldri og eldri nemendur sem eru með skráða forsjáraðila í gegnum INNU og bárust 50 svör en könnunin var send á alls 121 netfang.

Niðurstöður könnunar


Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Af hverju valdi nemandinn VA?

Fyrsta spurningar könnunarinnar var opin spurning og spurt var hvers vegna VA varð fyrir valinu hjá nemandanum sem er í forsjá svarenda. Flest svörin voru á þá leið að ná væri nálægt heimili eða að nemandinn vildi fara í verknám. Einnig voru svör varðandi góða kennara, orðspor skólans og að fylgja vinunum.


Heimasíða og fundir

Mynd 1 sýnir að langflestir svarendur hafa heimsótt heimasíðu skólans eða alls 49 af 50 svarendum eða 98%.



Mynd 1. Hefur þú heimsótt heimasíðu skólans?


Mynd 2 sýnir að töluverður meirihluti svarenda hefur sótt fundi sem skólinn hefur staðið fyrir en þar getur verið um að ræða foreldrafundi eða ýmis konar kynningarfundum. 35 svarendur höfðu sótt slíkan fund eða 70%. Í opinni spurningu sem fylgdi í kjölfarið má sjá að flestir nefna kynningarfund í byrjun annar og sumir nefndu sérstaklega að hafa sótt slíkan fund í gegnum fjarfund. Einnig var spurt 2 hvers vegna þeir sem höfðu ekki sótt fundi gerðu það. Þær ástæður sem svarendur nefndu voru fjarlægð, tímaleysi eða gátu ekki mætt vegna vinnu eða náms.



Mynd 2. Hefur þú komið á fundi sem skólinn hefur staðið fyrir, s.s. foreldrafundi eða kynningarfundum?

Foreldraráð


Í þetta sinn var spurt hvort svarendur hefðu áhuga á því að starfa í foreldraráði. Áður hafði verið spurt hvort svarendur vissu að það væri starfandi foreldraráð. 8 svarendur höfðu áhuga á að starfa í foreldraráði skólans eða 16%.



Mynd 3. Hefur þú áhuga á að starfa í foreldraráði skólans?


Upplýsingaflæði

Þrjár spurningar í könnuninni sneru að upplýsingaflæði frá skólanum og hversu upplýstir forsjáaraðilar eru um ýmsa þætti í skólastarfinu. Eins og sjá má á Mynd 4 telja 90% svarenda að upplýsingaflæði frá skólanum sé gott eða mjög gott en einn telur að það sé slæmt.



Mynd 4. Hvernig finnst þér upplýsingaflæði frá skólanum?


Þegar skoðað er hvar svarendum finnst best að nálgast upplýsingar um skólastarfið má sjá á Mynd 5 að tölvupóstur og heimasíða eru bestu leiðirnar. 56% svarenda nefna heimasíðu og 30% tölvupóst. Aðeins nefna 3 svarendur, eða 6, að Facebook sé best til að nálgast upplýsingar um skólastarfið og 4 nefna að það séu aðrar leiðir.



Mynd 5. Hvernig finnst þér best að nálgast upplýsingar um skólastarfið?

Þegar skoðað er hversu upplýstir svarendur eru um lykilatriði í skólastarfinu, s.s. stefnu, aðalnámskrá og skólanámskrá má sjá á Mynd 6 að 41% svarenda telur sig vera vel eða mjög


vel upplýsta um þessa þætti en aðeins 8% telja sig vera illa eða mjög illa upplýsta. Þó nokkur fjöldi er á báðum áttum varðandi þættina eða 48%.



Mynd 6. Hversu upplýsta(n) telur þú þig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá?


Samskipti við kennara

Tvær spurningar sneru að samskiptum forsjáraðila við kennara nemandans. Sú fyrri sneri að samskiptum við umsjónarkennara og sjá má á Mynd 7 að 28% hafa verið í samskiptum við umsjónarkennara oftár en einu sinni, 14% einu sinni en 29 svarendur, eða 58% hafa aldrei verið í samskiptum við umsjónarkennara.



Mynd 7. Hefur þú verið í samskiptum við umsjónarkennara nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?


Svipaða sögu má segja af samskiptum við einhvern af kennurum nemandans. Á Mynd 8 má sjá að 54% hafa aldrei verið í samskiptum við einhvern af kennurum nemandans og 46% einu sinni eða oftár.



Mynd 8. Hefur þú verið í samskiptum við einhvern af kennurum nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?

Heimanám og vörður


Á Mynd 9 má sjá að mikill meirihluti svarenda, eða 78% fylgist með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans en 14% gera það ekki. Hluti svarenda er með nemanda sem er eldri en 18 ára.



Mynd 9. Fylgist þú með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans?

Síðustu annir hefur verið kerfi þar sem settar voru þrjár vörður á hvorri önn sem nefnast ljóssker, viti og varða. Kom það í stað miðannarmats áður. Á þessum vörðum fá nemendur umsagnir um stöðu sína í hverjum áfanga. Á Mynd 10 má sjá að mikill meirihluti svarenda


skoðaði þessar umsagnir eða 94%. Í opinni spurningu sem fylgdi á eftir má sjá að þeir forsjáraðilar sem skoða umsagnirnar eru afar ánægðir með þær. Þær gefi góða vísbendingu um hvernig nemandanum og séu nauðsynlegar til þess að fylgjast með framvindunni í náminu. Það sé þá hægt að grípa inn í. Þó er einnig bent á að mikilvægt sé að umsagnirnar verði ekki of staðlaðar.



Mynd 10. Skoðar þú umsagnir frá kennurum um náms nemandans, svokallaðar vörður sem gerðar eru reglulega yfir önnina og birtast á INNU?


Líðan og gengi í náminu

Á Mynd 11 má sjá að meirihluti svarenda, eða 60%, segir að nemandinn segi sér frá gengi í námi og starfi í skólanum en aðeins 2% segja að nemandinn geri það ekki. 38% segja að nemandinn geri það stundum.



Mynd 11. Segir nemandinn þér frá gengi sínu í námi og starfi í skólanum?


Þegar kemur að líðan nemandans má sjá á Mynd 12 að mikill meirihluti svarenda telur að nemandanum líði vel eða mjög vel í skólanum, eða 74%. Tveir telja að nemandanum líði illa.



Mynd 12. Hvernig telur þú að nemandanum líði í skólanum?

Nýting þjónustu

Á Mynd 13 má sjá að meirihluti svarenda telur að nemandinn nýti þá þjónustu sem hann á kost á, s.s. náms- og starfsráðgjöf eða viðtalstíma, eða 62%. Aðeins 20% er á þeirri skoðun að nemandinn nýti hana ekki.



Mynd 13. Telur þú að nemandinn nýti þá þjónustu sem hann á kost á, s.s. náms- og starfsráðgjöf, viðtalstíma og fleira?


Vinnustofukerfi

Undanfarnar annir hefur verið mótað kerfi þar sem stundatöflur nemenda eru byggðar upp með hefðbundnum áfangatímum og vinnustofum þar sem nemendur hafa val um til hvaða kennara þau sækja sér aðstoð. Ákveðið var að spyrja forsjáraðila opinnar spurningar til þess að kanna viðhorf þeirra til þessa kerfis. Flestir svarenda voru mjög jákvæðir í garð kerfisins,

nefna að þetta efli sjálfstæði nemenda en einhverjir nefna þó að það nemandinn þurfi að nýta vinnustofur betur, þetta henti ekki sínum nemanda og gamla kerfið henti betur.

Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur

Síðasta valkosta spurningin í könnuninni var í formi fullyrðingar í ætt við þær sem nýttar eru í gæðamarkmið skólans. Þar voru 94% svarenda sammála eða mjög sammála því að VA standi sig vel í að mennta nemendur.



Mynd 14. Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur

Annað

Í lok könnunar var opin spurning þar sem svarendur voru hvattir til að koma einhverju fleiru á framfæri. Þar komu 11 svör sem voru fjölbreytt, m.a. ábendingar um það sem betur má fara í skipulagningu, mótuneytismál og upplýsingagjöf.